

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

I. HLUTI

Prófblað 2 af 2

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: Viðskiptabréfareglur (60%)

ATH. Prófið er tvískipt: Sjá sérstök prófblöð vegna veðréttar (25%) og þinglýsingar (15%)

Prófdagur: 5. nóvember 2011 **Kl.:** 09:00 – 13:00

Úrlausnartími: 4 klst. **Prófblöð:** 7 (þ.m.t. forsíða)

Leyfileg hjálpargögn: Lög og reglugerðir **Fylgiblöð:**

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar, notaðu öll leyfileg hjálpargögn og farðu vandlega yfir úrlausnir þínar áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er hér átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs, í Reykjavík.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ALLAR LAUSAR PRÓFARKIR SKULU TRYGGILEGA AUÐKENNDAR MEÐ PRÓFNÚMERI
ÞÍNU.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

Viðskiptabréfareglur 60%

A. Rétt eða rangt (10%)

Eftirfarandi fullyrðingar eru annað hvort réttar eða rangar. Lesið eftirfarandi spurningar vandlega. Gefin eru 1,5 stig fyrir rétt svar (fyrir utan fyrstu spurninguna, sem gefur eitt stig). Dregin eru frá 0,75 stig fyrir rangt svar (fyrir utan fyrstu spurninguna, þar sem frádráttur er 0,5 stig). Ekkert er dregið frá fyrir spurningar sem sleppt er að svara. Aðeins einn möguleiki er réttur í hverri spurningu.

1. Peningaseðlar eru algengustu viðskiptabréf sem notuð eru í daglegum viðskiptum.

Rétt

Rangt

2. Sterkar mótbárur skuldara eru meðal annars mótbárur er lúta að greiðslu vaxta, vanlýsingu og umboðsskorti.

Rétt

Rangt

3. Skilríkisreglan felur í sér að þegar skuldari borgar allan höfuðstól skuldabréfs er það skylda þess, sem hefur bréfið í hendi með formlega löglegri heimild og skuldari má líta á sem kröfuhafa að skila skuldara aftur frumriti bréfsins með áritaðri kvittun.

Rétt

Rangt

4. Veðréttur sem ekki hefur verið áritaður farmskírteini, tapast ef farmskírteinið er framselt til framsalshafa sem er grandlaus um veðsetninguna, þrátt fyrir að sterkar mótbárur eigi við um framsal á milli framseljanda og framsalshafa.

Rétt

Rangt

5. Framsalshafi viðskiptabréfs vinnur almennt betri rétt fyrir traustnám heldur en framsalshafi almennrar fjárkröfu.

Rétt

Rangt

6. Ef sá, sem undirritar skuldabréf fyrir hönd útgefanda (skuldara) samkvæmt umboði frá útgefandanum, hefur farið út fyrir heimild sem hann hafði en er samt innan marka umboðsins sjálfs, er um að ræða sterka mótbáru, sem skuldari getur borið fyrir sig gagnvart eiganda (kröfuhafa) skuldabréfsins .

Rétt

Rangt

7. Mótbáru skuldara samkvæmt viðskiptabréfi glatast ekki við framsal án endurgjalds (gjöf).

Rétt

Rangt

B. Krossaspurningar (20%)

Lesið eftirfarandi spurningar vandlega. Tvö stig eru gefin fyrir rétt svar. Eitt stig er dregið frá fyrir rangt svar. Ekkert er dregið frá fyrir spurningar sem sleppt er að svara. Aðeins skal velja einn möguleika í hverri spurningu.

1. „Rekta-klásúla“ er: (réttasti möguleikinn skal valinn)
- a) Sérstök tegund af viðskiptabréfum sem fyrst er getið um í rétti verslunarborga á Ítalíu á miðöldum.
 - b) Samningsákvæði sem felur í sér að viðskiptabréfareglur gildi um skjal, þrátt fyrir að slíkt skjal myndi ekki vera viðskiptabréf.
 - c) Samningsákvæði sem felur í sér að sterkar mótbáru skuldara komist að gagnvart grandlausum framsalshafa.
 - d) Samningsákvæði sem felur í sér að viðskiptabréfareglur gildi ekki um skjal, sem ella teldist viðskiptabréf.
2. Skuldabréf er: (réttasti möguleikinn skal valinn)
- a) Skriflegur samningur, þar sem annar samningsaðilinn tekur á sig skyldu til að greiða ákveðna peningagreiðslu gegn ákveðnu gagngjaldi.
 - b) Skrifleg yfirlýsing, þar sem útgefandinn viðurkennir einhliða og skilyrðislaust skyldu sína til að greiða ákveðna peningagreiðslu.
 - c) Yfirlýsing, þar sem útgefandinn viðurkennir einhliða og skilyrðislaust skyldu sína til að greiða ákveðna peningagreiðslu.
 - d) Yfirlýsing, þar sem útgefandinn viðurkennir einhliða og skilyrðislaust skyldu sína til að afhenda kröfuhafa tiltekna greiðslu.

3. Hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt (réttasti möguleikinn skal valinn)
- a) Víxlar geta verið ýmist handhafabréf eða nafnbref í upphafi, þ.e. við útgáfu.
 - b) Tékkar geta verið ýmist handhafabréf eða nafnbref í upphafi, þ.e. við útgáfu.
 - c) Svo unnt sé að verðtryggja skuldabréf þarf það að vera nafnbref.
 - d) Hlutabréf geta verið ýmist handhafabréf eða nafnbref.
4. Hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt (réttasti möguleikinn skal valinn)
- a) Skuldari samkvæmt skuldabréfi sem gefið hefur verið út með svikum tapar mótbárum um svik gagnvart grandlausum framsalshafa skuldabréfsins.
 - b) Skuldari sem greitt hefur kröfu samkvæmt skuldabréfi með skuldajöfnuði, heldur þeirri mótbáru gagnvart síðari grandlausum framsalshöfum skuldabréfsins, þrátt fyrir að ekki sé getið um skuldajöfnuðinn á skuldabréfinu.
 - c) Ef tilurð skuldabréfs má rekja til uppgjors viðskipta sem eru andstæð lögum, t.d. sölu á fíkniefnum, verður skuldari ekki krafinn um greiðslu af grandlausum framsalshöfum skuldabréfsins.
 - d) Krafa samkvæmt skuldabréfi, sem hefur fyrnst í hendi upphaflegs eiganda, raknar við ef hann framselur það ótengdum framsalshafa.
5. Hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt (réttasti möguleikinn skal valinn)
- a) Ef framsalshafi hefur erft skuldabréf þá tapar skuldari rétti til að bera fyrir sig veikar mótbáru sem hann hafði gagnvart fyrri eiganda skuldabréfsins (þ.e. hinum látna) án tillits til þess hvort framsalshafi er grandsamur eða grandlaus um mótbáruna.
 - b) Ef framsalshafi hefur erft skuldabréf þá tapar skuldari rétti til að bera fyrir sig veikar mótbáru sem hann hafði gagnvart fyrri eiganda skuldabréfsins (þ.e. hinum látna) ef framsalshafi er grandsamur um mótbáruna.
 - c) Ef framsalshafi hefur erft skuldabréf þá tapar skuldari rétti til að bera fyrir sig veikar mótbáru sem hann hafði gagnvart fyrri eiganda skuldabréfsins (þ.e. hinum látna) ef framsalshafi er grandlaus um mótbáruna.
 - d) Ekkert af ofangreindu er rétt.

6. Reglan um réttindamissi þriðja manns gerir það m.a. að verkum að (réttasti möguleikinn skal valinn)
- a) Maður, sem eignast hefur rétt yfir viðskiptabréfi, heldur almennt rétti til að bera fyrir sig veikar mótbárur um tilurð framsalsgernings gagnvart grandlausum síðari framsalshafa, án tillits til þess hvort um handhafabréf eða nafnbref er að ræða.
 - b) Maður, sem eignast hefur rétt yfir viðskiptabréfi, heldur almennt rétti til að bera fyrir sig sterkar mótbárur um tilurð framsalsgernings gagnvart grandlausum síðari framsalshafa, án tillits til þess hvort um handhafabréf eða nafnbref er að ræða.
 - c) Maður, sem eignast hefur rétt yfir viðskiptabréfi, heldur almennt rétti til að bera fyrir sig sterkar mótbárur um tilurð framsalsgernings gagnvart síðari grandlausum framsalshafa þegar um nafnbref er að ræða.
 - d) Ekkert af ofangreindu er rétt.
7. Eitt eftirfarandi atriða er ekki skilyrði þess að skuldari losni undan skuldbindingu sinni samkvæmt skilríkisreglunni (réttasti möguleikinn skal valinn)
- a) Að viðtakandi greiðslu hafi formlega löglega heimild til viðskiptabréfsins.
 - b) Að sterkar mótbárur eigi ekki við um framsal viðskiptabréfsins.
 - c) Að viðtakandi hafi frumrit viðskiptabréfsins í hendi.
 - d) Að skuldari hvorki viti né megi vita að þriðji maður eigi betri rétt til bréfsins.
8. Hver eftirfarandi fullyrðinga varðandi huglæga afstöðu framsalshafa er rétt (réttasti möguleikinn skal valinn)
- a) Framsalshafi hlutabréfs getur almennt byggt rannsókn sína einvörðungu á bréfinu sjálfu þegar hann kannar réttarstöðu sína gagnvart hlutafélagi.
 - b) Framsalshafi hlutabréfs þarf ekki að gera ráð fyrir réttindum þriðja manns ef ekki er getið um þau á bréfinu sjálfu, þótt getið sé um þau í gildandi samþykktum hlutafélags.
 - c) Strangari kröfur eru gerðar til huglægrar afstöðu framsalshafa samkvæmt lögum um víxla og tékka heldur en samkvæmt almennum reglum um rannsóknarskyldu framsalshafa viðskiptabréfa.
 - d) Ekkert af ofangreindu er rétt.

9. Hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt (réttasti möguleikinn skal valinn)
- a) Engar mótbáru skuldara komast að gagnvart grandlausum framsalshafa viðskiptabréfs sem eignaskráð hefur verið í verðbréfamiðstöð.
 - b) Sterkar mótbáru skuldara komast að gagnvart grandlausum framsalshafa viðskiptabréfs sem eignaskráð hefur verið í verðbréfamiðstöð.
 - c) Mótbáru skuldara sem lúta að meiri háttar nauðung komast að gagnvart grandlausum framsalshafa viðskiptabréfs sem eignaskráð hefur verið í verðbréfamiðstöð.
 - d) Mótbáru skuldara sem lúta að fjárræðisskorti komast að gagnvart grandlausum framsalshafa viðskiptabréfs sem eignaskráð hefur verið í verðbréfamiðstöð.
10. Hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt (réttasti möguleikinn skal valinn)
- a) Þegar viðskiptabréf eru rafrænt eignaskráð er almennt höfðað dómssmál til ógildingar á bréfinu.
 - b) Ógildingardómur fellir skjal úr gildi og heimilar dómhafa að ráðstafa því sem skjalið hljóðaði um eins og hann hefði skjalið undir höndum.
 - c) Skuldari að skuldabréfi sem hefur verið ógilt með dómi hefur ekki losnað undan skuldbindingu sinni ef frumrit skuldabréfsins finnst eftir að hann hefur greitt dómhafa ógildingardómsins.
 - d) Ekki er nauðsynlegt að ógilda eignaskráð verðbréf, þótt það hafi verið eignaskráð í verðbréfamiðstöð.

C. Raunhæft verkefni (30%)

Fjárfestingafélagið Arður ehf. keypti 80% hlutafjár í tölvufyrirtækinu Örgjörvi hf. af Birgi Birgissyni fyrir 40.000.000 kr. þann 15. janúar 2011. Arður ehf. greiddi helming kaupverðsins með reiðufé og helminginn með útgáfu tveggja skuldabréfa til Birgis að fjárhæð 10.000.000 kr. hvort. Skuldabréfin voru vaxtalaus og skyldi greiða með tveimur jöfnum afborgunum 1. maí 2011 og 1. nóvember 2011. Samhliða útgáfu skuldabréfanna framseldi Birgir hlutabréf fyrir 80% af hlutafjár í Örgjörva hf. til Arðs ehf.

Birgir gaf börnunum sínum, Jóni og Gunnu, sitthvort skuldabréfið með sérstöku framsali sem áritað var á bréfin. Gunna var fjármálastjóri í Örgjörva ehf. og þekkti rekstur þess afar vel. Hún hafði ennfremur aðstoðað föður sinn við sölu á eignarhlutum og var kunnugt um að skuldabréfið hefði verið gefið út vegna þessara viðskipta. Fljótlega kom í ljós að upplýsingar sem Birgir hafði veitt um Örgjörva hf. reyndust ekki vera réttar og hafði hann meðal annars leynt upplýsingum um skuldir félagsins. Raunverulegt verðmæti eignarhlutarins í félaginu miðað við forsendur kaupverðsins reyndist því vera um 20.000.000 kr.

Jón sem er í námi í Danmörku var afar ánægður þegar hann fékk frumrit skuldabréfsins sent í ábyrgðarpósti áritað um framsal til sín. Hann sendi þegar í stað afrit af bréfinu til kunningja síns, Hrannars Hrólfssonar hæstaréttarlögmanns, og bað hann um að innheimta afborganirnar tvær af skuldabréfinu fyrir sína hönd. Hrannar fór með afrit af skuldabréfinu í höfuðstöðvar Arðs ehf. þann 2. nóvember 2011 og krafðist greiðslu. Gunna hefur nú einnig krafist greiðslu og framvísaði hún frumriti skuldabréfsins gagnvart Arði ehf.

Arður ehf. lenti í töluverðum fjárhagserfiðleikum vegna nokkurra misheppnaðra fjárfestinga. Til að reyna að rétta stöðu sína tók félagið 10.000.000 kr. lán hjá Verslunarbankanum hf. og gaf stjórn Arðs ehf. út yfirlýsingu til Verslunarbankans hf. um veðsetningu allra hlutabréfa Arðs ehf. í Örgjörva ehf. en veðsetningin var þó ekki árituð á hlutabréfið og ekki var óskað eftir samþykki stjórnar fyrir veðsetningunni eins og áskilið er í samþykktum Örgjörva hf. Skömmu síðar seldi framkvæmdastjóri Arðs ehf. fyrir hönd Arðs ehf. allt hlutafé í Örgjörva hf. til Ingu Kamban fjárfestis og greiddi hún 20.000.000 kr. fyrir hlutaféð. Ekki tókst að leysa úr fjárhagserfiðleikum Arðs ehf. og hefur félagið verið úrskurðað gjaldþrota og skiptastjóri skipaður yfir þrotabúið. Verslunarbankinn hf. hugar nú að veðrétti sínum í hlutabréfum í Örgjörva hf.

1. Þarf Arður ehf. að greiða afborganir af skuldabréfinu til Jóns þegar hann krefst greiðslu. Fjallið um skyldu Arðs ehf. út frá sjónarmiðum um mótbárutap skuldara og aðrar viðskiptabréfareglur sem koma til skoðunar vegna kröfu Jóns.

2. Þarf Arður ehf. að greiða afborganir af skuldabréfinu til Gunnu þegar hún krefst greiðslu. Fjallið um skyldu Arðs ehf. út frá sjónarmiðum um mótbárutap skuldara og aðrar viðskiptabréfareglur sem koma til skoðunar vegna kröfu Gunnu.

3. Á Verslunarbankinn hf. veðrétt í hlutabréfum Ingu Kamban í Örgjörva hf. Fjallið um gildi veðréttarins út frá reglum um réttindamissi þriðja manns og öðrum viðskiptabréfareglum.